

GRUNNMYND – Frárennsli – Útsogsviftur
M. 1:50



GRUNNMYND – Neysluvatn
M. 1:50



1 RÚMMYND – Frárennsli
M. 1:50



2 RÚMMYND – Frárennsli
M. 1:50



3 RÚMMYND – Neysluvatn
M. 1:50



4 RÚMMYND – Neysluvatn
M. 1:50

SKÝRINGAR VIÐ FRÁRENNSLISLAGNIR

Efni og frágangur

Frárennslispípur mega vera úr plasti af viðurkenndri gerð (PP eða PEH). Úr Plastpípur skal ekki leggja í gegnum brunaskilrúm, þ.e. á milli hæða eða á milli brunahólfa. Útloftunarleiðslur við þak mega vera úr plasti.

Útloftunartúðar skulu vera úr plastpípu með áföstum þéttidúk eða þéttikraga úr plasti.

Frárennsisleiðslur skal einangra eins og lýst er hér í skýringum. Einstakar stuttar greinar í milliveggjum nægir að einangra með flókaslöngum eða vefja með sísalpappa. Útloftunarleiðslu þarf ekki að einangra.

Eftir að prófunum og útskolun er lokið skal öllum tengistútum lokað vandlega þar til taki verða tengd við þá.

Frárennsisleiðslur

1. Leiðslur úr PP plasti

Leiðslur úr PP (polypropylene) plasti skulu vera samkvæmt DIN 19560. PP plastpípur skal setja saman með mótfum með þéttihring úr gúmmíi. Þéttihringurinn skal vera með tvöföldu vör.

2. Upphengjur og festingar

Upphengjur og festingar á plastpípum skulu vera með innan við 1 m millibili.

3. Einangrun

Frárennsisleiðslur skal einangra með 20 mm þykkum einangrunarskálum. Einangrunin skal vera úr steinull með ekki minni rúmþyngd en 80 kg/m3, eða sambærileg einangrun. Einangrunarskálarnar skulu vera með óföstu rakavarnarlagi úr þráðstyrktri sterkri álþynnu með yfirlöppun langs eftir einangruninni. Yfirlöppuninni og öllum samskeytum á rakavarnarlagi skal loka vandlega með sterku lími eða állímbandi, sem ekki er mjórra en 50 mm.
Beygjur og tengistykki skal einangra með tilskornum einingum, sem löguð eru eins og tilheyrandi beygja eða tengistykki. Frárennslisgreinar í milliveggjum skal vefja með asfaltpappa, eða einangra með flókaslöngum.

Útloftunartúða

1. Útloftunartúða

Útloftunartúða skal vera ø75 mm plastpípa með áföstum þéttidúk eða plastkraga, sem skal bræða við þakdúk. Tengja skal Útloftunartúðuna við Útloftunarpípu undir þaki

SKÝRINGAR FYRIR VATNSLAGNIR

Efni og frágangur

Vatnsleiðslur innanhúss verða úr galvanhúðuðu stáli.

Vatnsleiðslur skal einangra eins og lýst er hér á eftir. Greinar að brunaslöngum þarf ekki að einangra og einstakar greinar í milliveggjum nást hreinlætistækjum skal vefja með sísalpappa eða einangra með flókaslöngum. Setja skal tappa í endastúta á leiðslum, sem taki verða síðar tengd við.

Leiðslur

1. Leiðslur úr galvanhúðuðu stáli

Leiðslur skulu vera galvanhúðaðar stálpípur samkvæmt DIN 2440. Tengistykki skulu vera galvanhúðuð skrúfuð tengistykki, samsteð pípum og samkvæmt DIN 2950. Gengjur skulu vera Whitworth pípugengjur í samræmi við ISO R7. Þétta skal skrúfuð samskeyti með hampi og mótki. Eftir að pípa hefur verið skorin skal rýma innan úr endanum og skrúfuskera hann. Skrúfuskurður skal ekki vera lengri en það að ekki fleiri en þrjár gengjur verði utan við samskeyti. Hreinsa skal svarf og olíu af enda pípu og innan úr pípu fyrir samsetningu.

4. Upphengjur og festingar

Mesta fjarlægð á milli upphengja og festinga skal vera í samræmi við IST 87 og eins og sýnt er hér:

Nafnmál leiðslu mm	Lárétt leiðslur m	Lóðrétt leiðslur m
15–20	2,0	2,5

Setja skal festingar við loka og tæki þar sem hætta er á að óæðileg spenna myndist í pípu nást taki eða að takið eða lokinn geti snúist í samsetningu.

5. Einangrun

Vatnsleiðslur skal einangra með einangrunarskálum úr steinull með ekki minni rúmþyngd en 80 kg/m3, eða sambærilegri óbrennanlegri einangrun. Einangrunarskálar skulu vera með óföstu, rakavarnarlagi úr þráðstyrktri sterkri álþynnu með yfirlöppun langs eftir einangruninni, eða vafðar með með plasti. Yfirlöppuninni og öllum samskeytum á rakavarnarlagi skal loka vandlega með sterku lími eða állímbandi, sem ekki er mjórra en 50 mm. Einangraðar vatnsleiðslur fyrir kalt vatn skal auk þess hellvefja með þráðstyrktri álþynnu eða állímbandi, sem ekki er mjórra en 50 mm. Beygjur og tengistykki skal einangra með tilsniðnum einingum, heist verksmiðjuframleiddum, sem löguð eru eins og tilheyrandi beygja eða tengistykki. Verktaki skal setja stutta búta af verksmiðjuframleiddri hertri plasteinangrun (100–250 mm langri PU "load bearing blocks") undir festingar og upphengjur á vatnsleiðslum fyrir kalt vatn. Fara skal eftir fyrirmælum framleiðanda varðandi frágang á plastbútum. Einangra skal með einangrunarskálum að þessum plastbútum og vefja skal með rakavarnarlagi að upphengjum eða festingum.

Leiðslur, sem eru minni en 25 mm í þvermál skal einangra með 20 mm þykkri einangrun. Stærri leiðslur skal einangra með 30 mm einangrun.

Leiðslur að brunaslöngum þarf ekki að einangra og einstakar greinar í milliveggjum nást hreinlætistækjum skal vefja með sísalpappa eða einangra með flókaslöngum.

6. Þrýstiprófun

Vatnsleiðslur skal þrýstiprófa með 1,0 MPa (10,0 kp/cm2) vatnsþrýstingi.
Þrýstingur skal standa á leiðslum í a.m.k. 24 klst. án þess að falla.

Lokar og tæki

1. Lokar

Lokar á leiðslum skulu vera af viðurkenndri og vandaðri gerð. Lokar skulu vera með skrúfuskornum endum og af þrýstiflokki 1,6 MPa. Þeir skulu vera úr endingargóðri koparblöndu þ.e. sem sink eyðist ekki úr. Ef annað er ekki tekið fram skulu stopplokar á leiðslum vera kúlulokar.

Brunaslöngur

1. Brunaslöngur

Brunaslanga skal vera á kefli á sveifluarmi, sem fest verður í grtaki í vegg. Keflin skulu vera úr stáli með innbrenndri. Brunaslanga skal vera 20 mm með 6 mm lokanlegum úðastút. Á vatnsleiðslu við brunaslöngu skal vera kúluloki.
Lengd brunaslöngu skal vera 25 m ef annað er ekki tekið fram.

Skýringar

Sjá skýringar og tákn á teikningu nr. 1032–V–01
Sjá dæmigerðar sérmyndir á teikningu nr. 1032–V–03
og teikningu nr. 1032–V–04.

1:50
2500 0 2500 mm

NR	FJÖLDI	BREYTINGAR	DAGS	SAMÞ



MIÐBÆR
HAFNARFJARÐAR
FJARÐARGATA 13–15

ALMENNA VERKFRÆÐISTOFAN HF
FELLSMÚLA 26 – 108 REYKJAVÍK
SÍMI 588 8100 FAX 588 0286

Hafnarfjarðar
03 JÚN 1998
Halldórsson

HEITI
HREINLÆTISLAGNIR, ÚTSOG
TURNINN, HL. 5 , 7.HÆÐ
GRUNNMYNDIR, RÚMMYNDIR

MÁL 1:50

HANNAÐ	TEIKNAÐ	YFIRFARIÐ	SAMÞ
BK	EH	04	SJ

DAGS 04/05 1998

TEIKNING NR. 1032–V–700
BREYTING NR.